

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um lagningu heilsársvegar í Árneshrepp, 134. mál.

Fyrir hönd Rannsóknaseturs HÍ á Ströndum – Þjóðfræðistofu, viljum við af heilum hug taka undir framlagða þingsályktunartillögu um lagningu heilsársvegar í Árneshrepp og teljum mikilvægt að sú vegagerð tefjist ekki. Árneshreppur er einstakt jaðarsvæði með mikla menningarlega sérstöðu og sögu. Íbúar þar hafa ekki notið jafnræðis við aðra landsmenn hvað varðar samgöngur og þjónustu og mikilvægt að heilsársvegur verði að veruleika.

Rannsóknasetur HÍ á Ströndum vinnur nú að þriggja ára rannsóknarverkefni í Árneshreppi og Kaldrananeshreppi, sem snýr að menningararfi, sögnum og sögum, þjóðtrú og landslagi. Þetta verkefni er unnið í samvinnu við þýska fræðimenn hjá Ludwig Maximilian háskólanum í München í Þýskalandi og er styrkt af þýska rannsóknarsjóðnum. Íbúar í Árneshreppi hafa tekið okkur opnum örmum, eins og þeir gera reyndar jafnan gagnvart fræðifólki og listamönnum, og strax á fyrsta ári er ljóst að úr þessu verkefni munu fást mikilvægar niðurstöður varðandi lifandi og síbreytilegan menningararf, þjóðtrú og þjóðsögur. Sambúð og tengsl íbúa á jaðarsvæðum við náttúru, landslag og sögur, verður þannig uppspretta að nýjungum í íslenskum jafnt sem alþjóðlegum fræðum sem tengjast óáþreifanlegum menningararfi og sögu. Sú auðlind sem íbúar Árneshrepps búa yfir á þessu sviði byggir á heilsársbúsetu á svæðinu og vegagerð eru mikilvægustu innviðirnir til að stuðla að jákvæðri byggðaþróun á Ströndum.

F.h. Rannsóknaseturs HÍ á Ströndum – Þjóðfræðistofu

Jón Jónsson, þjóðfræðingur

---

Rannsóknasetur HÍ á Ströndum – Þjóðfræðistofa